

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1964

Nr. 2.

4

28. febrúar.

L Ö G

um hækkun á bótum almannatrygginga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanskildum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, greiddar með 32.25% álagi í stað þeirrar 15% hækkunar, sem ákveðin var með lögum nr. 72 1963, um hækkun á bótum almannatrygginganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða þá 15% bótahækkun, sem felst í lögum þessum, í einu lagi fyrir tímabilið 1. jan. 1964—30. júní 1964 með bótageiðslum fyrir júlímánuð 1964.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu framlög og iðgjöld til almannatrygginganna fyrir árið 1964 ákveðin að nýju, og ber framlags- og iðgjaldagreiðendum að greiða framlög og iðgjöld á árinu 1964 samkvæmt þeirri ákvörðun.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.